



NEYTENDASTOFA

Reykjavík 17. apríl 2007

Samantekt Neytendastofu um verðbreytingar á veitinga- og gistihúsaþjónustu í samræmi við ákvæði í þjónustusamningi hennar og viðskiptaráðuneytisins.

Samkvæmt þjónustusamningi við viðskiptaráðuneytið dags. 17. janúar 2007 tók Neytendastofa að sér að hafa eftirlit með því hvort verð á veitinga- og gistihúsum lækkaði til samræmis við lækkun á virðisaukaskatti sem tók gildi 1. mars 2007. Í samræmi við ákvæði samningsins þá skilar Neytendastofa hér með ráðuneytinu samantekt sinni um niðurstöður sínar.

I. Framkvæmd

Neytendastofa aflaði sér gagna um verð hjá 84 veitingahúsum um land allt fyrir skattabreytinguna.

Hinn 1. febrúar opnaði Neytendastofa rafræna vefgátt á heimasíðu sinni gagnert fyrir neytendur þar sem þeim gafst tækifæri á því að koma að nafnlausum ábendingum vegna skattalækkunarinnar. Vefgáttin var kynnt á blaðamannafundi viðskiptaráðherra.

Neytendastofa birti áberandi auglýsingar í dagblöðum þar sem neytendur voru hvattir til þess að „standa vaktina saman“ og fylgjast með og láta vita hvort lækkun virðisaukaskatts skilaði sér.

Á heimasíðu stofnunarinnar voru einnig birtar aðgengilegar upplýsingar um þær matvörur sem áttu að lækka í verði sem og aðra þá þætti sem lækkun á virðisaukaskatti tók til, s.s. veitingaþjónustu o.fl.

Þá var einnig aflað gagna um verð hjá öllum hótélum og gistihúsum á landinu en síðar mun verða gerð grein fyrir niðurstöðum vegna gistihúsa. Ástæða þess er m.a. sú að eins og kunnugt er þá er verð á gistihúsaþjónustu yfirleitt ákveðið með löngum fyrirvara og kynnt erlendum ferðaheildsölum snemma að hausti ár hvert. Af framangreindum orsökum er því erfitt að meta árangur af skattabreytingum ríkisstjórnarinnar að þessu leyti fyrir en að telja má að þær séu að fullu komnar til framkvæmda.

II. Niðurstöður

Neytendastofu hafa, í lok mars, borist samtals 360 ábendingar vegna lækkunar á virðisaukaskatti, þar af 281 ábending vegna veitingahúsa og mötuneyta.

Í þjónustusamningi stofnunarinnar og ráðuneytisins var ekki gert gert ráð fyrir því að Neytendastofa hefði eftirlit með mötuneytum í kjölfar lækkunar á virðisaukaskatti enda má segja að samningsaðilar hafi ekki fyrirfram mátt ætla að vandamál gætu komið upp hjá þessum aðilum. Ljóst er þó að neytendur hafa fylgst vel með því hvort verðlækkunarir hafa skilað sér, ekki síst yngri neytendur sem eiga börn í skóla og eiga viðskipti við skólamötuneytin. Hið sama má segja um neytendur sem eiga viðskipti við mötuneyti hjá fyrirtækjum þar sem þeir starfa. Auðveld og greið leið til að senda inn ábendingar um vefgátt hjá Rafrænni Neytendastofu hefur ugglaustr einnig átt sinn þátt í því að yngri neytendur hafi verið virkari en áður hefur þekkt og tekið þátt í að veita aðhald á markaðnum að þessu leyti.

(i) Veitinga- og kaffihús: Ábendingar frá neytendum

Samtals hafa borist 203 ábendingar til Neytendastofu vegna 80 veitinga- og kaffihúsa. Flestar ábendingarnar eru vegna veitingastaða, en einnig vegna kaffihúsa, sem neytendur telja að hafi ekki lækkað verð til samræmis við þá lækkun sem varð á virðisaukaskatti sem tók gildi 1. mars sl.

Þann 16. mars sl. sendi Neytendastofa fyrirspurn til 76 veitinga- og kaffihúsa (fyrirtækja) þar sem vakin var athygli á skattalækkuninni og jafnframt að ábending hefði borist stofnuninni um að umrætt veitingahús eða fyrirtæki hefði ekki lækkað verð.

Í bréfi sínu óskaði Neytendastofa eftir svörum frá fyrirtækjunum um ástæður þess að verðlækkun hefði ekki skilað sér til neytenda ef ábendingin átti við rök að styðjast. Þá hvatti stofnunin einnig þau veitingahús sem ekki höfðu lækkað verð til að gera sitt ytrasta og sýna gott fordæmi með því að lækka verð til samræmis við lækkun virðisaukaskatts.

Fyrirtækjunum var gefinn viku frestur til þess að svara fyrirspurn Neytendastofu. Í bréfinu var tekið fram að stofnunin áskildi sér rétt til að birta opinberlega lista yfir þau veitingahús sem ekki lækkuðu verð, sbr. ákvæði 19. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, yrði talin ástæða til.

Þess ber að geta að þar sem verðlagning er frjálst er fyrirtækjum í sjálfsvald sett hvort þau lækka verð eða ekki. Hins vegar er jafnframt ljóst að kjósi fyrirtæki að lækka ekki verð í samræmi við minni kostnað á hráefni (s.s. vegna innkaupa á matvörum sem virðisaukaskattslækkunin tekur til) þá ákveða þau þar með að taka þann hagnað sem leiðir af breytingunum til fyrirtækisins í stað þess að skila skattalækkunum á matarverði við innkaup á hráefni til neytenda eða viðskiptamanna sinna.

Sem fyrr segir voru send fyrirspurnarbréf til 76 fyrirtækja (veitingahúsa). Svör hafa borist frá 43 veitingahúsum af alls 76 sem send voru bréf. Ekki hafa borist svör frá 33 fyrirtækjum.

Af þeim sem svara fyrirspurn stofnunarinnar telja 7 fyrirtæki sig ekki geta lækkað sem eru 16% af þeim sem svara bréfi Neytendastofu. Ástæður þess telja þessi fyrirtæki ýmist vera að ekkert svigrúm sé til lækkunar, sérstaklega vegna mikilla hækkana frá birgjum, hækkads launakostnaðar og einnig að viðkomandi hafi ekki hækkad verð hjá sér í langan tíma.

Ef teknir eru þeir sem svara ekki ásamt þeim sem telja sig ekki geta lækkað verð þá eru það alls 40 fyrirtæki eða sem nemur 53% af heildarfjölda fyrirtækjanna sem hér um ræðir.

Alls hafa 36 veitingahús eða 47% lækkað verð í samræmi við lækkun virðisaukaskatts að öllu leyti eða hluta til.

Þess má geta að af þeim 80 nafngreindu veitingahúsum sem ábendingar bárust um frá neytendum eru til upplýsingar um alls 28 veitingahús í gögnum sem Neytendastofa aflaði fyrir skattabreytinguna, sbr. nánar hér á eftir.

(ii) Veitingahús: Gögn Neytendastofu fyrir og eftir skattabreytingar

Eins og fram kemur hér að framan aflaði Neytendastofa sér gagna um verð hjá 84 veitingahúsum um land allt fyrir skattabreytinguna. Fullnægjandi upplýsingar fengust um 78 veitingahús. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum fyrir og eftir skattabreytinguna.

Þegar verð á matseðlum veitingahúsanna í lok mars eru borin saman við verð á matseðlum sem í gildi voru fyrir skattabreytingu kemur í ljós að verð hafði lækkað hjá 46% veitingahúsa en staðið í stað eða hækkad hjá 54% fyrirtækja sem könnunin tók til.

(iii) Mötuneyti

Alls hafa 78 ábendingar borist Neytendastofu vegna mötuneyta þ.e. bæði skólamötuneyta og mötuneyta fyrirtækja og stofnana.

Í þjónustusamningi við viðskiptaráðuneytið var ekki gert ráð fyrir að Neytendastofa annaðist eftirlit með mötuneytum en stofnunin tók þetta verkefni einnig að sér vegna þess fjölda ábendinga sem henni bárust í tilefni af verðlagningu í mötuneytum.

Strax í lok febrúar sl. fóru að berast fyrirspurnir til Neytendastofu frá foreldrum grunnskólabarna vegna skólamötuneyta sem ekki ætluðu að lækka matarverð hinn 1. mars. Af því tilefni sendi Neytendastofa þann 1. mars sl. bréf til skólastjórnenda allra

grunnskóla í landinu með fyrirspurn og hvatningu um að skólamötuneytin sýndu gott fordæmi með því að lækka verð til samræmis við lækkun virðisaukaskatts nú þegar.

Þann 21. mars sl. sendi Neytendastofa síðan fyrirspurn til 46 mötuneyta, þar af til 23 grunnskólamötuneyta, vegna ábendinga um að lækkun hefði ekki orðið í viðkomandi mötuneytum. Gefinn var vikufrestur til þess að svara fyrirspurn stofnunarinnar.

Svör hafa ekki borist frá 19 mötuneytum, sem er 42%, en svör hafa borist frá 27 mötuneytum og er svarhlutfall því alls 58%.

Af þeim 27 mötuneytum sem sendu svar gáfu 13 mötuneyti upplýsingar um að þau muni ekki sjá sér fært að lækka verð eða 49% af þeim sem svara bréfi Neytendastofu. Ef teknir eru með þeir aðilar sem sem svara ekki, ásamt þeim sem telja sig ekki geta lækkað verð, þá eru það alls 32 mötuneyti eða 70% mötuneyta.

Alls hafa 12 mötuneyti eða 26% upplýst að þau hafi lækkað verð eða muni lækka verð 1. apríl til samræmis við lækkun á virðisaukaskatti.

Tvö mötuneyti hafa ekki tekið ákvörðun um hvort lækkun verði hjá þeim.

Lækkun á hráefniskostnaði hefði átt að gefa tilefni til lækkunar á matarverði í mötuneytum. Þrátt fyrir það er ljóst að mörg mötuneyti hafa ekki talið sig getað lækkað verð til samræmis við lækkun á virðisaukaskattinum. Þá virðist einnig algengt að mötuneyti telja sig ekki þurfa að greiða virðisaukaskatt þar sem mötuneyti eru undanþegin virðisaukaskatti en átta sig ekki á því að mötuneyti greiða virðisaukaskatt af hráefni því sem mötuneyti kaupir inn og við þá lækkun ætti að gefast svigrúm til lækkunar um nokkur prósent eftir því hvert hlutfall hráefniskostnaðar er í matarverðinu.

Við framangreinda athugun Neytendastofu á verði og verðlagningu í mötuneytum í tilefni af skattalækkunum á matvælaverði kom í ljós að skilmálar grunnskóla um verðmyndun og verðlagningu á framangreindri þjónustu sem rekin er ýmist beint af grunnskólanum eða samkvæmt samningi við einkaaðila eru mjög óljósir eða skortir alveg í sumum tilvikum. Með vísan til III. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins þá hefur Neytendastofa farið þess á leit við allar sveitarstjórnir að henni verði sendar upplýsingar um þá skilmála sem gilda um verðlagningu á framangreindri þjónustu, þ.m.t. hvort launakostnaður vegna reksturs mötuneyta falli á nemendur og foreldra þeirra eða ekki. Í þeim tilvikum þar sem launakostnaður er lagður á nemendur og foreldra er óskað eftir því að upplýst sé hvert hlutfallið er. Veittur var frestur til 1. maí n.k. til þess að svara fyrirspurninni. Í framhaldi af svörum sem Neytendastofu munu berast verður metið nánar hvort ástæða þyki til þess að fara fram á að framangreindir skilmálar verði gerðir skýrari þannig að ávallt liggi ljóst fyrir hvaða skilmálar gilda að þessu leyti við sölu á mat í mötuneytum til skólabarna.

Samantekt

Könnun Neytendastofu

Neytendastofa kannaði verð hjá 84 veitingahúsum fyrir og eftir skattabreytinguna. Marktæk lækkun hafði orðið hjá 46% veitingahúsanna en í 54% tilvika var verðið óbreytt eða herra.

Ábendingar

Neytendastofa hefur einnig fylgt eftir ábendingum og kvörtunum sem borist hafa stofnuninni. Neytendastofa sendi bréf til veitinga- og kaffihúsa og einnig til mötuneyta sem ekki höfðu lækkað verð. Hlutaðeigandi voru hvattir til að lækka verð í samræmi við lækkun á virðisaukaskatti. Einnig var spurt um ástæður þess að verð hafði ekki lækkað.

Um 47% þeirra veitingahúsa sem fengu bréf frá stofnuninni eftir ábendingar frá neytendum kváðust þegar hafa lækkað verð.

Í 53% tilvika bárust ekki svör frá veitingahúsum eða þau kváðust ekki ætla að lækka verð.

Helstu ástæður þess að veitingahúsin töldu sér ekki fært að lækka verð voru hækkanir frá birgjum, hækkadur launakostnaður og að langt var um liðið frá því að veitingahúsið hækkaði verð.

Mötuneyti

Þegar 1 mars sl. sendi Neytendastofa bréf til allra stjórnenda grunnskóla þar sem vakin var athygli þeirra á skattabreytingunni og þeir hvattir til þess að beita sér fyrir lækkun á skólamáltíðum. Síðan sendi Neytendastofa bréf til 46 mötuneyta, þar af 23 grunnskólamötuneyta samkvæmt ábendingum frá neytendum. Svör bárust frá 27 mötuneytum.

Tólf eða 26% þeirra sögðust hafa lækkað verð eða vera í þann veginn að lækka verð.

Önnur mötuneyti sem fengu fyrirspurn frá Neytendastofu ætla ekki að lækka verð eða hafa ekki veitt svör eru alls 32 eða 70%.

* * * * *